

FYLGISKJAL NR. 1028

DAGS 29.06.2004

**SAMANTEKT:**

**117. fundur skipulags- og bygginganefndar Mosfellsbæjar (Haraldur Sverrisson, Pétur U. Fenger, Ólafur Gunnarsson, XX – Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur).**

1. mál á dagskrá var deiliskipulag Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.

Lagðar voru fram tillögur skipulagshöfunda. Þráinn Hauksson skipulagshöfundur gerði grein fyrir ákvæðum skilmála og kynnti nýjan uppdrátt dags. 38.06.2004.

Sagt að Haraldur Sverrisson hafi ekki setið fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Niðurstaða: Nefndin leggur til við bæjarstjórn að skipulags- og byggingarskilmálar ásamt deiliskipulagsupplætti með áornum breytingum verði samþykktur til auglýsingar í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 117  
Dags. 29. Júní 2004

**117. fundur**  
**skipulags- og byggingarnefndar**  
**var haldinn í fundarsalnum**  
**á 4. hæð að Þverholti 2, þriðjudaginn**  
**29. júní 2004 og hófst hann kl. 7:30.**

**Fundinn sátu:** Haraldur Sverrisson, Pétur U Fenger, Ólafur Gunnar Ásbjörn Þorvarðarsson byggingarfulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarv

(24)

g

**Undargerð ritaði:** Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur.

**1. mál: Deiliskipulag Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.**

Lagðar fram tillögur skipulagshöfunda að skipulags- og byggingaskilmálum fyrir svæðið.

Þráinn Hauksson skipulagshöfundur gerði grein fyrir ákvæðum skilmála og kynnti nýjan uppdrátt dags. 28.06.2004. Breytingar frá fyrri uppdrætti eru fólgar í viðbyggingu við núvernandi hús Láguhlíðar.

Haraldur sverrisson sat fundinn ekki undir þessum lið.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að skipulags- og byggingarskilmálar ásamt deiliskipulagsuppdrætti með áornum breytingum verði samþykktur til auglýsingar í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga*

**2. mál: Deiliskipulag frístundaspildu við Krókatjörn í landi Miðdals, þjskr: 9000-1110.**

Erindi frá Guðfinnu A. Hjálmarsdóttur, Grími J. Ingólfssyni og Vilhjálmi Á. Ingibergssyni þar sem óskað er eftir leyfi til að deiliskipuleggja landið. Málið var til umfjöllunar á 107. fundi nefndarinnar.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt til kynningar í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

**3. mál: Deiliskipulag frístundasvæðis við Heytjörn í Miðdalslandi, þjskr: 9400 - 0380.**

Athugasemdarestur er liðinn og bárust athugasemdir frá Sölva Sveinssyni ofl. dags. 28. maí 2004.

*Samkvæmt deiliskipulagstillöggunni er gert ráð fyrir hefðbundinni frístundarbyggð í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags fyrir frístundabyggð og í tillöggunni er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á skipulagssvæðinu enda er það í andstöðu við aðalskipulagið.*

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að skipulagstillagan verði samþykkt í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og sent Skipulagsstofnun.*

**4. mál: Deiliskipulag frístunalóðar við Selvatn, úr landi Miðdals, þjskr: 9400 – 0092.**

Athugasemdarestur er liðinn en engar athugasemdir bárust.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt í*

samræmi 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og sent Skipulagsstofnun.

**5. mál: Deiliskipulagsbreyting að Svöluhöfða 24.**

Athugasemdafrestur er liðinn en engar athugasemdir bárust.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt i samræmi 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og sent Skipulagsstofnun.*

**6. mál: Hraðastaðir 4.**

Erindi frá Logos, lögmannabjónustu, dags. 02.04.2004, þar sem vísað er til ágreinings og óskað eftir breytingu á deiliskipulagi.  
Frestun frá síðasta fundi.

*Nefndin er jákvæð fyrir því að deiliskipulaginu verði breytt með þeim hætti að búinn verði til sérstök lóð um núverandi íbúðarhús Hraðastaðaveg 3 og aðliggjandi lóð minnkuð enda samræmis það ákvæðum gildandi aðalskipulagi.*

**7. mál: Höfði við Skammadal, deiliskipulag.**

Erindi frá Guðmundi Láruðsyni dags. 17.06.2004, þar sem hann óskar eftir leyfi til að deiliskipuleggja landið.

*Nefndin getur ekki fallist á að landið verði tekið til deiliskipulags á þessu stigi og bendir á ákvæði aðalskipulags að landið er á svæði sem áætlað er til uppbyggingar eftir 2012. Nefndin telur að landið verði að skipuleggjast sem hluti af svæði fyrir blandaða byggð austan Reykjalundar enda er það hluti þess þegar litið er á uppbyggingu gatna og lagna.*

**8. mál: Miðdalur 1, deiliskipulag.**

Erindi Einars Tryggvasonar fyrir hönd Margrétar Tryggvadóttur, móttekið 24.06.2004, þar sem óskað er eftir leyfi til að deiliskipuleggja tvær spildur úr landi Miðdals.

*Nefndin er neikvæð fyrir erindinu enda er svæðið á opnu óbyggðu svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð.*

**9. mál: Birkiteigur 5, deiliskipulagsbreyting.**

Erindi Ragnari Sveinssyni fh. Skagey ehf dags. 24.06.2004 þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta deiliskipulagi þannig að leyft verði að byggja parhús á lóðinni nr. 5 við Birkiteig í stað einbýlishúss.

*Nefndin hafnar erindinu, þar sem það samræmist ekki núverandi deiliskipulagi svæðisins, byggð við Birkiteig og aðlögun að eldra hverfi.*

**10. mál: Hringvegur 1, Víkurvegur – Skarhólabraut.**

Tilkynning Vegagerðarinnar um útboð á framkvæmdum við tvöföldun hringvegar milli Víkurvegar og Skarhólabrautar, ásamt vegbrúm, göngubrú og tengivegum.

Lagt fram til kynningar.

**11. mál: 71. Afgreiðslufundur byggingafulltrúa.**

Lagt fram til kynningar.

12. mál: Önnur mál.

**a) Rammaskipulag Helgafellshverfi.**

Bæjarverkfræðingur kynnti tillögu að forvali á þátttakendum í boðskeppni í samvinnu við Arkitektafélags Íslands og landeigenda.

Lagt fram til kynningar.

**b) Arnartangi 24**

Erindi frá Elíasi Þorsteinssyni Arnartanga 24,dags. 23.06.2004 þar sem óskað er eftir heimild til að byggja sólstofu við húsið.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að fram fari grenndarkynning í samræmi við 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09.00.